

Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari  
Annáll skólaársins 2012-2013

### Verðandi nýstúdentar, júbílantar og aðrir góðir gestir.

Það sem hér fer á eftir verður bara að vera sýnishorn þess sem þetta skólaár hefur fært okkur – sá á kvölina...

Skólinn var settur 22. ágúst. Haustannarprófum lauk 17. desember, vorönn hófst 7. janúar og reglulegum vorannarprófum lauk 17. maí.

Síðustu árin hefur skólinn verið fullsetinn, en þrátt fyrir það bættist enn við. 180 nemendur hófu nám s.l. haust, 90 af hvoru kyni, - 53 í 1. bekk, 51 í öðrum, 40 í þriðja og 36 í 4. bekk. Það er gaman að geta þess, að 42 nemendur áttu systkini í skólanum.

Það voru síðan 163 nemendur sem gengust undir vorannar- og stúdentspróf.

Í dag eru brautskráðir 36 stúdentar af tveim námsbrautum: 14 af félagsfræðabraut, 22 af náttúrufræðabraut.

Það voru 49 starfsmenn sem lögðu sitt af mörkum í skólanum í vetur – 29 við kennslu og skólástjórnun og 20 sem sinntu öðrum störfum.

Nú ætla ég að tæpa á nokkrum þeirra fjölmörgu þátta sem hafa mótað og kryddað veturinn í skólanum.

Á öðru starfsári kórsins skráðu 45% nemenda sig til þátttöku. Nú í apríl lauk kórinn vetrarstarfinu með glæsilegum tónleikum í félagsheimilinu á Flúðum. Stjórnandi kórsins er Eyrún Jónasdóttir.

Árlegur kynningardagur skólans var haldinn í nóvember, en honum lauk með söngkeppninni Blítt og létt, þar sem **Magdalena Katrín Sveinsdóttir** sigraði. Hún keppti síðan fyrir hönd skólans í söngkeppni framhaldsskólanna í apríl og lenti þar í þriðja sæti.

Fjölmargir nemendur og hópar nemenda og jafnvel allur skólinn tók þátt í keppnum af ýmsu tagi. Þarna stóðu allir sig með miklum sóma.

Það var sleginn nýr tónn í valgreinaflórunni þennan veturinn, með því að nemendur gátu valið sér **grafíska vinnslu** undir leiðsögn Rúnars Gunnarssonar. Afrakstur þessa hefur birst með ýmsum hætti í skólalífinu. Það hefur komið til tals að fresta, með einhverjum hætti brautskráningu tiltekinn einstaklinga í hópnum hér fyrir aftan mig, til að nýta krafta þeirra enn um stund, en það varð ekki niðurstaðan, enda sannast væntanlega hið fornkveðna, að maður kemur í manns stað.

Í lok janúar var kosið til nýrrar forystu í Mími. Birkir Grétarsson frá Þórisholti í Reynishverfi er nýr stallari.

Sem fyrr var líf og fjör í kringum Dagamun, Dollann og Árshátíð í byrjun mars, en glæsileg árshátíðin var nú haldin öðru sinni í félagsheimilinu á Flúðum.

Í tilefni þess að á þessu ári eru 60 ár liðin frá því skólinn var stofnaður, var mikið lagt í árshátíðarleikritið. Nemendur sýndu Fiðlarann á þakinu, í Aratungu og víðar á Suðurlandi og Reykjavík undir leikstjórn Arons Trausta Sigurbjörnssonar. Aðalhlutverkið, mjólkurpósturinn Tevje, var í höndum Kristbergs Ómars Steinarssonar.

Snemma á árinu hófst undirbúningur fyrir viðburði afmælisársins, en það var ákveðið að dagskrá afmælisdagsins, sjálfs, 12. apríl, skyldi mótuð með nemendum skólans fyrr og nú í forgrunni. Hópar nemenda og starfsfólks settust niður og vörpuðu fram hugmyndum. Afmælisnefnd, sem var skólaráð, vann síðan úr aragrúa ágætis tillagna og setti saman dagskrá, á grundvelli þeirra. Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að kvöldið fyrir afmælisdaginn, að lokinni kvöldvöku, í rómantískum samkenndarstíl, skyldi tendraður varðeldur þar sem leikið yrði á gítara og sungið, áður en flugeldasýning markaði hápunkt kvöldsins. Jarðbundnir fulltrúar í afmælisnefndinni fóru fljótlega að sjá ýmsa agnúa á þessum fyrirætlunum; hross myndu fælast, börn vakna með andfælum, hundar fara á taugum og fleira í þá veru var nefnt sem rök gegn slíkri kvöldskemmtan. Það sem endalega varð til þess að flugeldasýningin var blásin af, var fremur vanhugsuð flugeldaskotrið í Skorradal helgina fyrir afmælisdaginn. Auðvitað hefði verið hægt að beina flugeldunum út á Laugarvatn og þannig komast hjá íkveikju, en slíkar þælingar féllu í grýttan jarðveg. Sem sagt, engin flugeldasýning og enginn varðeldur, en engu að síður ágætis spilakvöld og fleira, að kvöldi 11. apríl.

Afmælisdagurinn sjálfur var bjartur, en fremur kaldur. Það kom ekki í veg fyrir að utandyra var tekinn í notkun blakvöllur, en búnaður hans er minningargjöf um Matthías Bjarka Guðmundsson, það var háð kraftakeppni og sýnd glíma. Það var hinsvegar ákveðið að fyrirhugaður vatnsslagur skyldi bíða hlýrra veðurs.

Innandyra var blanda af lítilsháttar formlegheitum og allskyns uppákomum smáum og stórum, sem allt of langt mál væri að telja upp hér, frá morgni og langt fram eftir degi. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti og Árni Bergmann, sem fyrstur útskrifaðist frá skólanum, voru óformlegir heiðursgestir. Það má segja að hápunktur dagsins hafi falist í því að Árni skar fyrstu sneiðina af risastórri afmælistertunni og setti á disk Vigdísar.

Þessi dagur átti að vera léttur og skemmtilegur, og það gekk eftir.

Fleiri viðburðir sem tengjast þessu afmælisári bíða haustsins.

Tveir nemendahópar fóru í utanlandsferðir í apríl, frönskunemar héldu til Parísar og 2. bekkur náttúrufræðibrautar lagði leið til vesturstrandar Jótlands, til að endurgjalda heimsókn frá vestur jóska menntaskólanum í Tarm

Ég læt þá staðar numið þótt margt fleira eigi erindi í þennan annál.

Ég vil þakka samstarfsmönnum og nemendum fyrir hreint ágætt samstarf.

---

### Ágætu verðandi nýstúdentar

Þið farið héðan í dag með ýmislegt í farteskinu. Fyrir utan eðlilegan fjögurra til fimm ára þroska, eigið þið að hafa eflst að þekkingu og færni með náminu. Auk þessa hafið þið varla komist hjá því að læra ýmislegt það af heimavistardvölinni, sem margir jafnaldrar ykkar fara á mis við. Það sem þið eigið ekki hvað síst að bera með ykkur eftir þá reynslu, er aukinn skilningur á miklvægi mannlegra samskipta og samkenndar – hvað það er að vera hluti af samfélagi – hvað það er að taka tillit til annarra og skilja aðstæður og viðhorf þeirra, ekki síður en ykkar eigin.

Þetta má kallast mikilvægt veganesti inn í það sem bíður ykkar þarna úti.

Auðvitað verðið þið að elda ofan í ykkur sjálf og þvo af ykkur fötin – en sanniði til, það reddast.

Gangi ykkur allt í haginn og kærar þakkir fyrir samveruna og samstarfið.